

Sent í Samráðsgátt
Reykjavík, 22. mars, 2022

Efni: Umsögn um greinargerð sem lýsir áherslum og verklagi við stefnumótun á sviði matvæla, mál nr. 49/2022

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt stjórnvalda, dags. 28. febrúar sl., þar sem ofangreint mál var birt til umsagnar. Um er að ræða greinargerð sem lýsir áherslum og fyrirhuguðu verklagi matvælaráðherra við stefnumótun á sviði matvæla á kjörtímabili ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sem hófst þann 28. nóvember 2021. Gert er ráð fyrir að tillaga til þingsályktunar um matvælastefnu verði lögð fyrir Alþingi og verði matvælastefnan leiðarstef í matvælaframleiðslu á Íslandi. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir greinargerðina og vilja koma eftirfarandi á framfæri. Umsögn þessi tekur eingöngu til umfjöllunar sem snýr að landbúnaði.

Í kafla 1.4 kemur fram að matvælaráðherra hafi í hyggju að setja saman starfshóp til útfærslu á áðurgreindri matvælastefnu. Matvælastefnan nái til landbúnaðar, sjávarútvegs og fiskeldis. Stefnan verði kynnt á sérstöku matvælaþingi næstkomandi haust, sem framvegis verði haldið árlega. Þá verði stefnan lögð fram sem tillaga til þingsályktunar á vorþingi 2023. Henni muni fylgja ítarleg tímasett aðgerðaáætlun ásamt tillögum að fjármögnun og útfærslu einstakra liða í áætluninni. Sama hópi verður einnig ætlað að vinna að áframhaldandi þróun á fyrirliggjandi tillögu að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland sem lögð yrði fyrir Alþingi samhliða eða sem hluti af matvælastefnunni. Bændasamtökin telja mikilvægt að samtökin fái fulltrúa í starfshópnum þannig að tryggð verði aðkoma samtaka bænda að eins mikilvægri stefnumótun og hér um ræðir. Þá væri athugandi að setja fleiri en einn starfshóp saman til þess að vinna að mismunandi markmiðum stefnunnar.

Bændasamtökin hvetja stjórnvöld til þess að hafa það sem megin markmið nýrrar matvælastefnu að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og áframhaldandi framleiðslu landbúnaðarvara og annarra matvæla á Íslandi. Innlendri matvælaframleiðslu verði tryggð sanngjörn rekstrarskilyrði með samningum, lögum og reglugerðum.

Stefnumótun stjórnvalda í landbúnaðarmálum kemur einnig fram í búvörusamningum. Undir kafla 3.1 er fjallað um tillögu að landbúnaðarstefnu og búvörusamninga. Þar segir m.a. að fyrri endurskoðun allra fjögurra samninganna sé lokið. Bent er á að endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 2019 er ekki lokið.

Um síðari endurskoðun framangreindra samninga er vísað til tillögu í drögum að landbúnaðarstefnu sem er þess efnis að lögð verði áhersla á breytingu styrkjakerfis í landbúnaði þannig að dregið verði úr framleiðslutengingu stuðningsins og m.a. að frekar verði stutt við búsetu í sveitum, óháð framleiðslugrein. Á sama tíma er ljóst að búvörusamningar og framleiðslustyrkir eru eftir sem áður eitt helsta stýritæki stjórnvalda á framleiðslu búvara.

Bændasamtökin leggja áherslu á að stuðningur ríkis við landbúnað renni til þeirra sem framleiða matvæli í íslenskum landbúnaði. Framleiðslutengdir styrkir eru stjórnvöldum mikilvægt verkfæri til að tryggja innlenda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi.

Af lestri greinargerðarinnar má sjá að raunverulegt hlutverk landbúnaðarstefnu og samspil þess við matvælastefnu er óljóst og hefði mátt leggja meiri vinnu í uppsetningu hennar. Fram kemur að ekki liggi fyrir hvort landbúnaðarstefna verði lögð fyrir Alþingi samhliða eða sem hluti af matvælastefnu. Bændasamtökin hafa kallað eftir skýringum á hlutverki og fyrirætlunum um landbúnaðarstefnu, þ.e. hvort hún verði lögð í formi tillögu til þingsályktunar eða hvar henni verður skipaður sess í regluverkinu. Gera verður þá lágmarkskröfu að skýrt sé hvert sé hlutverk og tilgangur hverrar stefnu og að markmiðin verði skýr. Þá liggur ekki fyrir hagræðið í framangreindum áætlunum um stefnumótun sem nær til matvæla, landbúnaðar, sjávarútvegs og fiskeldis í heild. Opinber stefnumótun á sviði landbúnaðar sem endurskoðun búvörusamninga skal taka mið af þarf að liggja fyrir og ekki er til einföldunar að um það sé vísað til stjórnarsáttmála, landbúnaðarstefnu sem ekki hefur verið ákveðið hvernig skuli fara með sem og matvælastefnu sem vinna að hefur ekki verið hafin.


Markmið matvælastefnu sem sett eru fram í kafla 1.4 í greinargerðinni eru góð og gild, þeim þarf aftur á móti að vera fylgt eftir þannig að hægt sé að vinna að þeim öllum. Það er ekki endilega svo að í stefnunni séu mótsagnir, en þar eru tiltekin markmið sem geta unnið gegn öðrum markmiðum stefnunnar. Það er t.a.m. alls ekki sjálfgefið að framleiðsla verði arðbær og/eða sjálfbærni tryggð á sama tíma og framleiðslan á að vera í fararbroddi um öryggi framleiðslunnar, dýravelferð og kolefnisjöfnun. Á það ekki síst við ef gera á íþyngjandi kröfur á matvælaframleiðslu umfram það sem gildir í öðrum ríkjum, og að auki draga úr styrkjum til framleiðslu.


Bændasamtökin hvetja íslensk stjórnvöld til þess að leggja ekki kvaðir á innlenda matvælaframleiðslu, t.a.m. vegna loftslagsmála án þess að líta til þess hvaða kvaðir eru lagðar á innfluttar vörur. Kvaðir á innlenda framleiðslu mega ekki verða til þess að framleiðsla matvæla færist til erlendra ríkja þar sem eru gerðar minni kröfur til framleiðslunnar.

Að því sögðu eru Bændasamtökin reiðubúin til að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er við mótun landbúnaðarhluta matvælastefnu.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir, lögfr.